

## Skýrsla hestamannafélagsins Blæs um æskulýðsstarf 2009.

Í æskulýðsnefnd árið 2009 eru Þórhalla Ágústsdóttir, Þórður Júlíusson, Pálína Ísaksdóttir, Heiðrún Þorsteinsdóttir, Guðbjörg Friðjónsdóttir, Rósa Dögg Þórsdóttir og Anna Bergljót Sigurðardóttir..

Helstu þættir í skipulögðu starfi félagsins á árinu voru eftirfarandi:

1. **Hestakrakkar.** Í vetur skiptum við krakkahópnum okkar í tvennt eftir aldri og hittist yngri hópurinn annan hvern miðvikudag með Erlu Guðbjörgu leiðbeinanda sínum í félagshúsinu. Í þessari samveru er ýmis fræðsla tengd hestamennsku, skipulagðir reiðtúrar, krakkarnir fara í leiki, spila, fönndra og horfa á myndbönd. Síðastliðna vetur hafa verið leiðbeinendur á launum við krakkastarfið og hefur það gefist vel. Eldri hópurinn einbeitti sér að fjáröflun og gekk það ágætlega, t.d. var haldin félagsvist, bakað og selt í fyrirtæki og farið í dósasöfnun Hestakrakkastarfið hófst með jólaföndri í desember sem var stýrt af eldri hópnun og áttu þar allir góða stund saman. Ekkert sérstakt aldurstakmark er í starfinu en flestir þátttakendur eru á aldrinum 4-16 ára. Starfinu er ætlað að efla hópandann hjá krökkunum og vera stuðningur við reiðmennskuna.
2. **Gamlársreið.** Á gamlárstag er farið í hópreið sem krakkarnir hafa gaman af að taka þátt í og skreyta gjarna bæði sig og reiðskjótana í tilefni dagsins.
3. **Torfunesferð eldri hóps (14-16 ára).** Í mars fóru 5 vaskar stúlkur með fylgdarmanni í Torfunes og dvöldu þar í 4 daga á reiðnámskeiði. Dagskráin þar var þétt og góð og fengu þær mikið út úr dvölinni. Eftir ferðina buðu stelpurnar foreldrum og félagsmönnum á myndasýningu í félagshúsinu, buðu upp á léttar veitingar og lásu upp ferðasöguna sem fylgir hér með til gamans.

*Föstudaginn 20.3. 2009 lögðu 5 vaskar hestastelpur úr Blæ af stað í ævintýraferð ásamt sérlegri aðstoðarmanneskju sinni sem sá um akstur og fleira smálegt. Þetta voru Anna Margrét, Dagný Ásta, Elísabet Ýrr, Hrönn og Sunna Júlía ásamt Þórhöllu. Ferðinni var heitið í Torfunes í Suður- Þingeyjarsýslu og var áætlað að dvelja þar í fjóra daga, nema ýmislegt í reiðlistinni og skemmta sér saman. Lagt var af stað eftir hádegi á föstudegi og sóttist ferðin nokkuð seint framan af þar sem langur tími fór í að versla vel útlátið nesti í Bónus og sýndist sitt hverjum um hvað það ætti helst að vera. Að sjálfsögðu náðist niðurstaða í málið og haldið var áfram með drekkhlaðinn bíl. Gelgjurnar flissuðu langleiðina uppá Möðrudalsöræfi en þá settu þær hver sinn i-pod í eyrun og voru ekki mikið til viðtals eftir það fyrir utan nokkrar spurningar um hvort væri langt eftir. Við fengum vingjarnlegar móttökur þegar við komum í Torfunes að nálgast níu og fóru stelpurnar þá beint í bóklegan tíma hjá Önnu Rebecku. Hún er sænsk stelpa sem er búin að búa hér í þrjú ár, vera á Hólum og hjá Mette Manseth og er mjög áhugasöm um kennslu. Hún talar góða íslensku og náði strax vel til stelpnanna. Bílstjórinn fór á meðan að sækja lyklana að gistihúsnæðinu en við fengum gistingu hjá góðu fólki í litlu notalegu*

húsi á Hnjúki rétt hjá Torfunesi sem var mjög þægilegt. Eftir bóklega tímamann voru skvísurnar orðnar frekar framlágar og rétt gátu komið dótinu fyrir og fengið sér að borða. Þær hresstust þó ótrúlega við máltíðina og enn meir við að leggjast á koddann og það þurfti aðeins að hasta á þær þegar skrækirnir voru farnir að halda vöku fyrir Húsvíkingum. Þær þurftu líka að mæta snemma í reiðtíma daginn eftir og nauðsynlegt að vera vel hvíldur fyrir allt sem framundan var þann dag.

Á laugardaginn áttum við að vakna klukkan 8 og mæta í Torfunes kl nú en Elísabet var svo vingjarnleg að vekja okkur aðeins fyrr. Eftir staðgóðan morgunverð drifum við okkur aftur í bóklegan tíma og lærðum um ásetu og reiðmennsku. Síðan fórum við í verklegar ásetuæfingar sem voru nokkuð erfiðar, sérstaklega froskaæfingin, enda vorum við allar með gríðarlegar harðsperrur daginn eftir. Þær sem voru að bíða horfðu á Landsmótið á meðan eða snigludust um í hesthúsinu. Eftir hádegi fórum við svo í hóptíma hjá Önnu og þær sem ekki voru í tíma snyrtu hesta, meðal annars Nótt sem var að fara á Stjörnutölt, sópuðum gólfín og gáfum. Við fengum líka sýnikennslu um tamningar. Þegar allir voru búnir í tíma drifum við okkur heim og gerðum ljúffengan kjúklingarétt meðan fararstjórinn skemmti sér á gönguskíðum. Síðan þeystum við pakksaddar til Akureyrar, fórum í sund, fengum okkur ís og skelltum okkur síðan á Stjörnutölt. Það var mjög skemmtilegt og mikið af fallegum hestum. Eftir töltið heimsóttum við Bergrós og fjölskyldu í Kjarnaskóg og slógumst svo mikið þar að við þurftum að yfirgefa pleisið. Svo ókum við heim á leið með kalda rassa og sváfum alla leið, nema náttúrulega bílstjórinn. Þegar við komum heim fengum við okkur fullt af kexi og kökum og vorum orðnar mjög hressar þegar kom að því að fara að sofa. Við sofnuðum þó að lokum eftir mikið fliss og nokkur suss frá neðri hæðinni þar sem Þórhalla svaf.

Á sunnudaginn vöknudum við hressar, sérstaklega afmælisbarnið Sunna og mættum klukkan 10 í Torfunes. Þegar við komum inn að reiðhöllinni heyrðum við hljómfagran söng og komumst fljótt að því að það var Baldvin bóndi að njóta lífsins með hljóðkerfið í botni að hita upp fyrir afmælisönginn hennar Sunnu sem ástkær faðir hennar var búinn að panta. Eftir sönginn fórum við í bóklegan tíma um hjálfun hjá Önnu og svo í einkatíma þar sem Þórhalla tók upp smá prógramm með okkur. Þær sem ekki voru í tíma snyrtu hesta og sópuðu á meðan. Eftir hádegismatinn horfðum við svo á myndböndin ein og ein með Önnu og hún gaf okkur góðar ábendingar. Hinar báru á reiðtygi á meðan og sópuðu meira. Svo fórum við aftur í einkatíma, fengum að snyrta Mátt og fleiri flotta gradhesta, fengum sýnikennslu í nuddi og teygjuæfingum og fórum svo að elda afmælismat handa Sunnu þegar allar voru búnar. Það var lasagna sem prýddi það kvöldverðarborð og var það einstök uppskrift sem var búin til samkvæmt hefðum fimm fjölskyldna og var rökrætt talsvert mikið um aðferðina meðan á matreiðslu stóð. Þetta smakkaðist þó ljómandi vel og eftir mat gerðum við vöflur, átum fullt af nammi, spiludum hættuspilið fram eftir kvöldi og æfðum ýmsar listir eins og þið fáid að sjá hér á eftir. Síðan lognuðumst við útaf, afvelta af ofáti og gátum ekkert flissað.

Á mánudagsmorguninn mættum við klukkan nú og byrjuðum í bóklegum tíma um gangtegundir hjá Önnu. Svo fórum við í hóptíma þar sem við æfðum gangtegundir og að víkja. Eftir mat voru einkatímar þar sem við máttum velja hvað við æfðum. Anna Margrét valdi fimleika sem breyttust í loftfimleika á tímabili. Þeir sem ekki voru í tíma fengu að

*baða gráan graðhest, sópa svolítið meira og kember. Anna sýndi okkur svo nokkur atriði í þjálfun á keppnishesti og uppbyggingu á óþjálfuðum hesti sem hafði misst mikinn vöðvamassa. Svo buðum við uppá leifarnar af skúffukökunni okkar og muffinsinu sem Dagný bakaði í kaffinu og kvöddum svo þetta indæla fólk með blómum, kossum, kórónum, knúsum og tárur.*

*Á heimleiðinni stoppuðum við í jarðböðunum við Mývatn þar sem ýmsar æfingar voru gerðar, synt undir vegg, og Elísabet æfði steinaspörk. Eftir léttan kvöldverð héldum við svo áfram ferðinni og flestir sváfu alla leið heim. Það var jafngott því við vorum ekki komnar fyrir en um eittleytið og áttum að vakna í skólann daginn eftir. Þessi ferð var lærdómsrík og skemmtileg og þeir sem komust ekki misstu af miklu. Okkur langar að heimsækja Torfunes sem fyrst aftur og þökkum fyrir okkur.*



4. **Æskulýðsdagar** voru haldnir 13.-15. júní. Æskulýðsdagar hafa nokkuð lengi verið árviss atburður í félaginu og á undanförunum árum hefur þátttakan sífellt verið að aukast. Í ár tóku 40 krakkar á aldrinum 4-16 ára þátt í æskulýðsdögum. Ásdís Helga Sigursteinsdóttir var leiðbeinandi og fórst það mjög vel úr hendi. Þó hestamennska og fræðsla tengd henni sé í fyrirrúmi á þessum dögum þá er ýmislegt fleira sér til gamans gert s.s. farið í sundferðir, leiki, sungið, haldnar kvöldvökur, farið í gönguferðir, óvissuferðir og grillað. Listasmiðjur voru alla daganan þar sem unnið var með hrosshár og ýmislegt úr náttúrunni. Afraksturinn var svo til sýnis á félagsmótinu bæði innan vallar og utan. Æskulýðsnefndin og félagar úr Blá vinna mikla sjálfboðavinnu með leiðbeinendum t.d. þarf að sjá um matinn, vera með í reiðtúrum og gæta barnanna á nóttunni, flytja börnin í sund og á aðra viðburði sem fram fara utan hestasvæðis, auk þess að sjá um allan

undirbúning. Börnin dvelja á félagssvæðinu meðan á æskulýðsdögum stendur, í tjöldum ef veður leyfir en annars í félagshúsi Blæs. Öllum krökkum sem geta útvegað sér reiðskjóta er heimil þátttaka á æskulýðsdögum og þátttökugjald er ekkert.



5. **Reiðnámskeið.** Í framhaldi af æskulýðsdögum var Guðbjörg Friðjónsdóttir með daglegar æfingar fyrir atriði á félagsmóti helgina eftir og auk þess bauð Ásdís Helga upp á reiðnámskeið. Þannig náðist góð samfella á æskulýðsdögum og félagsmóti og voru þátttakendur virkir allan tímann.
6. **Útreiðar.** Börn og unglingar tóku þátt í útreiðum á vegum félagsins að venju.
7. **Mót.** Börn og unglingar tóku virkan þátt í mótum á vegum félagsins í þremur aldursflokkum, sem er gert jafnhátt undir höfði í verðlaunaveitingum og fullorðinsflokkum. Nokkrir unglingar tóku þátt í Ístolti Austurlands og fleiri utanfélagsmót voru sótt af börnum og unglingum.
8. **Fjölskyldudagar.** Fjölskylduhelgi Blæs var haldin í Fannardal um miðjan júlí.. Tókst hún mjög vel og var skemmtileg tilbreyting að fara út fyrir félagssvæðið. Farið var í ratleik, útreiðartúra, haldin kvöldvaka og fleira gert til gamans í ágætis veðri.

Í Blæ er áhersla lögð á að halda uppi öflugu æskulýðsstarfi enda er það grunnurinn að framtíð félagsins. Reynt er að hafa sem flesta viðburði á vegum félagsins við hæfi allra aldurshópa og brúa kynslóðabilið sem víðast.

Með bestu kveðju  
Þórhalla Ágústsdóttir  
Formaður æskulýðsnefndar Blæs

